



UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Sendandi: Starfandi sviðstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Umsögn menningar- og ferðamálasviðs um tillögu fulltrúa Flokks fólksins um aðgengi í miðbæ fyrir fatlað fólk - MSS22080151

Varðandi aðgengismál og götuloknir á stórum viðburðum í miðborginni er almennt unnið eftir áhættumati sem Ríkislögreglustjóri gefur út. Áhættumatið getur breyst frá ári til árs.

Í aðdraganda viðburða á vegum viðburðadeildar Menningar- og ferðamálasviðs sem eru meðal annarra Menningarnótt, Vetrarhátíð, 17. júní og viðburðir á aðventunni eru hafðir samráðsfundir með hinum ýmsu hagaðilum þar sem rædd eru aðgengismál á hátíðarsvæðum og óskað er eftir athugasemdum. Hagaðilarnir eru helstu viðbragðsaðilar, þ.e. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjóri, Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu, Landhelgisgæslan, Vesturmiðstöð, auk Frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar, Barnavernd, ýmsar starfseiningar Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Strætó, leigubílar, ferðaþjónustan, Öryrkjabandalagi Íslands og ýmsir rekstraraðilar eftir atvikum.

Varðandi aðgengi fatlaðs fólks á hátíðarsvæði Menningarnætur var árið 2017 gerð tillaga að staðsetningu bílastæða fyrir P merktu bíla í samráði m.a. við Öryrkjabandalagið og hvar ferðaþjónusta fatlaðra getur skilað af sér og sótt farþega. Ágæt sátt náðist um þetta og hefur verið notast við það fyrirkomulag undanfarin ár. Þessi svæði eru t.d. innan almenna lokunarsvæðis, ef um slíkt er að ræða og komast allir P merktir bílar í gegnum lokunarhlíð. Upplýsingar um þetta fyrirkomulag er auglýst víða, m.a. sendir framkvæmdastjóri ÖBÍ út póst til sinna félagsmanna. Til viðbótar má nefna að óskað er eftir athugasemdum frá ÖBÍ varðandi götulokunarkort á Menningarnótt sem er síðan notast við í kynningum í aðdraganda þeirrar hátíðar.

Bílastæði fyrir hreyfihamlað fólk eru staðsett á eftirfarandi stöðum:

- Skúlagötu, vestan við Olís
- Við Tækniskólann
- Neðst á Túngötu (við hornið á Suðurgötu)

Að auki eru salernum fyrir fatlað fólk komið fyrir víða um miðborgina á Menningarnótt.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson

sviðsstjóri
menningar- og íþróttasviðs